

70. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðahv

Haldinn í Glerárskóla 7. jan 2013

Mættir voru : Berglind Rafnsdóttir, Óskar Ingi Sigurðsson, Helgi Stefánsson, Guðmundur Geirsson og Sigrún Elva Briem

1. Ákveðið var að hafa íbúafund um merkingu á gömlum húsum

Send verða dreifibréf til þeirra sem búa í gömlum húsum og þeim boðið á kynningarfund og sýnd skilti sem ákveðið var að merkja gömlu húsin með. Einnig verður þetta auglýst í dagskránni

2. Hönnun og framleiðsla á skiltum

Búið er að ræða við Hellusteypu um hönnun og framleiðslu á skiltunum. Ákveðið var að láta gera eitt skilti til að geta sýnt það á íbúafundinum, og verðið fer eftir fjölda þeirra.

3. Boðið á íbúafundinn

Fundurinn verður haldinn í matsal Glerárskóla þann 29. janúar kl 20:00. Ákveðið var að tala við sjónvarpsstöðina N4 um að koma á fundinn ef að áhugi er fyrir því.

4. Svar frá Oddi

Ákveðið var að ég mundi athuga hjá Oddi Helga formanni framkvæmdaráðs hvað yrði um eftirstöðvar ef hverfisnefnd hefði ekki fullnýtt þær tvær milljónir sem hver nefnd fékk til ráðstöfunar á árinu í umhverfisverkefni í hverfinu þ.e. hvort hægt væri að flytja eftirstöðvarnar á milli ára.

Oddur sagði að það þyrfti ekki að hafa áhyggjur af því, þar sem tekið yrði tillit til þess á næsta ári. Það dettur því ekkert niður af fjárveitingu þessa árs þó hún hafi ekki verið fullnýtt á árinu.

Næsti hverfisnefndarfundur er 4. febrúar

Fleira ekki fært til bókunar

Sigrún Elva Briem